

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um verkefnastöðu í vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi 60.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hvað líður framkvæmdum þeim sem boðnar hafa verið út á kafla Vestfjarðavegar 60 frá Vatnsfirði að Þverá í Kjálkafirði?
2. Hver er staðan varðandi veginn fyrir Kjálkafjörð og Mjóafjörð í Kerlingarfirði (þverun þessara fjarða að hluta) og inn fyrir Eiðið í Vattarfjörð, sem nú er að fara í umhverfismat, og hvenær má vænta þess að sú framkvæmd verði boðin út?
3. Hvað líður málarekstri og umhverfismati vegna leiðarinnar um Skálanes, fyrir Gufufjörð og Djúpafjörð í Hallsteinsnes og inn Þorskafjörð (um eða ofan við Teigsskóg)?
4. Hvað líður undirbúningi að þverun Þorskafjarðar?